

RÁÐSTEFNA MARKAÐSSTOFANNA UM DREIFINGU FERÐAMANNA
IÐNÓ 15. SEPTEMBER 2016



Ferðamaðurinn er gestur

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir,
forstöðumaður

Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála

www.rmfi.is



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

„Undarlega takmarkaður er túrisminn“.

Oddný Eir Ævarsdóttir. (2011). *Jarðnæði*. Reykjavík: Bjartur. Bls. 160

Bestu gestgjafar heims -

Við virðumst vera hætt að líta á ferðamenn sem manneskjur



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

„Við kvörtum yfir því, miðað við fjölmiðlana okkar, aftur og aftur, að ferðamenn séu að hegða sér eins og fífl. Þeir klifri ofan á ísjaka, traðki niður gróður og fari of nálægt heitum hverum, raski umhverfinu og setji sjálfa sig í hættu“.

„...eru túristar ekki manneskjur, heldur eitthvað sem ber að slægja eða rýja, en stugga við þegar það þvælist fyrir okkur gróðalaust í skepnuskap sínum, eins og þetta sé búfenaður Bjarts í Sumarhúsum?“

Úr leiðara Jóns Trausta Reynissonar, Stundin 31. júlí 2016

HVORT GILDIR NÚ, GRÆÐGI EÐA GESTRISNI?



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

„Við ljúgum ekki að þessu fólki sem við köllum ferðafólk. Við missum okkur ekki svo í græðginni að orðspor vaxandi ferðamennsku tapist jafn hratt og það hefur áunnist. Við stillum ekki upp vatnsflöskum við hliðina á krananum á hótélherbergjum til að hafa af gestunum sem mestan pening. Við komum heldur ekki fyrir stæðunum af léttu öli í anddyri krónubúðanna til að reyna að villa um fyrir fólki sem langar í millisterkan bjór. Eða eigum við að klæða súkkulaðið okkar í nýjan búning með hraunmyndum og eldglæringum svo við getum selt það meira en hálfu dýrara verði en það fæst í gömlu umbúðunum úti í næstu lágvörubúð?“

Úr leiðara Sigmundar Ernis, Hringbraut 15. febrúar 2016



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

Þeir sem koma segja þeim
sem heima sitja sögur af lífinu – fólkinu.

Vegurinn heim – texti: Magnús Eiríksson



- Bara það að fá ferðamenn, það er bara sálfræðilega gott (hlær). Bara að fá fólk þú veist, og heyra önnur tungumál inn um gluggann hjá sér. Þú veist, ég held þetta sé bara mikilvægt fyrir þroska samfélaga.
- Já það (ferðafólkið) setur svona skemmtilegan svip, það er mikið líf sem færast á göturnar...Veitir lífi í mannlífið, eykur stolt fólks, bara íbúanna á þessu svæði.
- Smá líka svona sálarlega að fá svona mikið af ferðafólki eins og hefur verið undanfarin ár – það lifnar yfir manni. Við erum ekki alveg á ysta hjara veraldar.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

Ferðapjónustan skilur eftir sig fleiri spor en flestar aðrar atvinnugreinar vegna þeirra áhrifa sem hún hefur á mannlífið. Samfélag sem opnar sig ferðamönnum er svipt sakleysi sínu og gestirnir gera okkur Íslendinga að fullvaxta þjóð.

Björg Árnadóttir. *Elskum Ísland*. <http://stilvopnid.is/category/greinar/>



- Ferðamaðurinn er neytandi
- Ferðamaðurinn er notandi
- Ferðamaðurinn er áhorfandi
- Fyrst og fremst er hann þó samferðamaður okkar um stund!



- **UNDERSTAND TOURISM – CHANGE TOURISM**
- **UNDERSTAND OURSELVES – CHANGE OURSELVES**



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

Takk fyrir áheyrnina!